

## AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu nr. 69, 25. janúar 2001, um lista yfir  
viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt  
er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna og eldisfiska frá.**

1. gr.

Breyting verður á lista í 5. gr. auglýsingarinnar er tilgreinir þau ríki sem heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Breytingin felur í sér að Færeyjar skulu fjarlægðar af listanum.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. september 2001.*

F. h. r.

**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

---

*Þórir Skarphéðinsson.*